

## Markmið Asparholts í umhverfismálum

Strax í upphafi leikskólagöngunnar fær hvert og eitt barn taupoka frá foreldrafélaginu sem börnin teikna á. Pokinn er merktur hverju barni fyrir sig og eru þessir pokar hugsaðir til þess að nýta undir blaut föt og annað slíkt sem ferja þarf milli heimilis og leikskóla í stað þess að nota plastpoka. Þessir pokar fylgja börnunum alla skólagöngu þeirra.

Hvert barn teiknar á miða með slagorðinu „slökkva á bílnum“ sem síðan er plastað. Börnin færa síðan foreldrum sínum miðan til að hengja upp í bílunum til þess að minna foreldra á að slökkva á bílunum.

Börn og starfsfólk hjálpast að við að flokka matarafganga í sérstakar fötur inni á deild. Pappír er einnig flokkaður og það sem ekki nýtist í föndur fer í sérstakan kassa og hjálpa börnin til við að tæma hann og fara með í gáminn við neðra Pálmholt.

Börnin í efra húsinu fara einna helst á sumrin á Holtið sem er lóðin umhverfis efra Pálmholt. Holtið er mjög fjölbreytt útivistarsvæði og gott aðgengi að hinum ýmsu náttúrufyrirbrigðum, auk þess sem gott útsýni er yfir bæinn og upp til fjalla. Því gefst gott tækifæri til að benda á og ræða um fjöllin, fuglana og skordýrin svo eitthvað sé nefnt. Þá er þar oft að finna greinar, lauf og köngla sem hægt er að nota í föndurverkefni.

Umhverfisnefnd sendir frá sér það sem við köllum *Grænar línur* en þar er að finna ýmsan fróðleik um hvernig hægt sé að vernda jörðina, þær eru sendar heim til hvers barns mánaðarlega ásamt dagatali og öðrum upplýsingum deildarinnar.

**Umhverfissáttmáli Pálmholts:** Börn og starfsfólk í Pálmholti ganga vel um nánasta umhverfi og jörðina okkar. Við leitumst við að auka nægjusemi og nýta betur það sem jörðin gefur af sér. Einnig að skila henni til baka með öllu því sem hægt er með því að flokka, endurnýta, spara orku og draga úr mengun.

### Umhverfissáttmáli Pálmholts

Börn og starfsfólk í Pálmholti ganga vel um

nánasta umhverfi og jörðina okkar.

Við leitumst við að auka nægjusemi

og nýta betur það sem jörðin gefur af sér.

Einnig að skila henni til baka

með öllu því sem hægt er

með því að flokka, endurnýta, spara orku

og draga úr mengun.